160. fundur skráningarráðs 15. október 2026 kl. 9-10

Mætt voru: Sigurgeir Finnsson (fundarritari) og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Bára Stefánsdóttir fulltrúi frá Landskerfi Bókasafna og María Bjarkadóttir gæðastjóri Gegnis.

1. **Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

2. **Tilnefning til skráningarráðs**

Notandafélag Gegnis hefur tilnefnt Önnu Lilju Torfadóttur hjá MH í skráningarráð Gegnis. Hún er tilbúin til að taka setu í ráðinu. Landskerfi bókasafna tilnefnir hana því til setu í ráðið í stað Maríu.
Skráningarráð samþykkir það og bíður Önnu Lilju velkomna.

3. **Gervigreind, RDA, Alma Roadmap ... (frekari umræður)**

Námskeið í gervigreindarskráningu gekk vel. Nokkrir sem sátu vefnámskeiðið skiluðu ekki bókfræðifærslu til yfirferðar og missa því gervigreindarheimildina.

Mikilvægt að fylgjast vel með ritli sem norska bókasafnssamlagið er að þróa með EX-libris (sjá fundargerð nr. 159), og fá mögulega aðgang að honum til prófunar. Væri ideal að skoða hann á fundi ráðsins f. norðan í febrúar.

Starfsfólk Landskerfis fylgist með þróun mála í Alma Roadmap Ex Libris. Sigrún var með lista yfir það sem skráningarráð var búið að merkja við til nánari skoðunar. Bára ætlar að kanna það.

Þróun gervigreindarskráningar í Ölmu hefur ekki þróast mikið, miðað við hraða á þróun gervigreindar annarsstaðar.

4. **Skráningarnámskeið 12.-14. október – heilræði?**

Doddi lagði til að Skráningarráð ætti e.t.v. að nota póstlistann Vöndu meira, senda heilræði og slíkt á póstlistann. Sigurgeir benti á að öryggiskröfur póstlistans séu ekki nægilega góðar. Eldveggur Menntaskýsins lokar t.a.m. á alla pósta frá Vöndu eins og staðan er í dag. Sigurgeir er búinn að senda beiðni til Landskerfis um að uppfæra öryggiskröfur póstlistans ellegar búa til nýjan.

Önnur mál

1 Erindi barst frá Hallfríði H. Kristjánsdóttur (sviðstjóra Aðfanga- og skráningarsviðs Lbs-Hbs) varðandi skráningarheimild á undanþágu fyrir Valgerði Ploder Jónsdóttur, sem er nýr sérfræðingur í skylduskilum á Lbs-Hbs. Valgerður er útskrifaður upplýsingafræðingur en hefur ekki lokið skráningarnámskeiði í

Landskerfi. Hún þarf að geta skemmri skráð ný aðföng á safnið, hugsanlega nægir 020 skráningarheimild til þess. Hún verður undir eftirliti og handleiðsu annarra skrásetjara á Lbs-Hbs þangað til hún hefur lokið námskeiðinu. Undanþága samþykkt.

2 Samkvæmt HASK á að nota skammstöfunina sm fyrir sentimetra í umfangslýsingu (svið 300) í bókfræðifærslum. Samkvæmt ábendingu frá nemenda á skráningarnámskeið hefur komið í ljós að þetta er rangt. Samkvæmt málfarsbanka Árnastofnunar á að nota cm: „Alþjóðlega skammstöfunin **cm** stendur fyrir **sentímetri** (einnig ritað **sentimetri)**, *borðið er 95 cm langt*.“ Skráningarráð samþykkir að þessu verður breytt. María sér um að gera keyrslu til að laga færslur í Gegni, uppfæra leiðbeiningar í HASK og senda póst á Vöndu (þegar listinn verður kominn í lag).

Fundi slitið kl. 09:53